ÍÞRÓTTAPÓSTURINN

Vika 28, 2024



Erna Sóley á leið á Ólympíuleikana

Erna Sóley Gunnarsdóttir, kúluvarpari, hefur fengið boð um þátttöku á Ólympíuleikunum í París í sumar en Alþjóðaólympíunefndin staðfesti svo í dag. Erna Sóley hefur verið iðin við keppnir síðustu vikur og mánuði og staðið sig afar vel. Hún sigraði m.a. Meistaramót Íslands um liðna helgi og setti þar að auk Íslandsmet í leiðinni. Erna Sóley hefur ekki áður keppt á Ólympíuleikunum en hún verður fimmti keppandinn sem kemst inn á leikana fyrir Íslands hönd, en þeir hefjast eftir þrjár vikur í París í Frakklandi, 26. júlí.

Nánar á vef ÍSÍ



A landslið kvenna mætir Þýskalandi í dag föstudag

Framundan eru tveir leikir A landsliðs kvenna í knattspyrnu í dag klukkan 16:15 mætir liðið Þýskalandi hér heima, leikið er á Laugardalsvelli. Síðan mætir liðið Póllandi ytra á þriðjudag.

Íslenska liðið er í öðru sæti riðilsins með þriggja stiga forystu á Austurríki, en tvö efstu lið riðilsins fara beint í lokakeppnina sem fer fram í Sviss næsta sumar.

Miðasala á leik Íslands og Þýskalands er í fullum gangi á tix.is, en möguleiki er fyrir hendi að Ísland tryggi sæti sitt á EM 2025 í dag. Leikurinn er því gríðarlega mikilvægur og stuðningur skiptir stelpurnar okkar mkilu máli. Fjölmennum á völlinn og styðjum liðið til sigurs!

Mynd: vefur KSÍ



Loka hópurinn sem fer á Ólympíuleikana klár

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ þann 5. júlí síðastliðinn, var tekin fyrir tillaga Afrekssviðs ÍSÍ um val á þátttakendum, bæði keppendum og fylgdarliði, á Ólympíuleikana í París, sem fram fara 26. júlí til 11. ágúst.

Ísland mun eiga fimm keppendur á Ólympíuleikunum og voru þeir ásamt fylgdarliði kynnt til leiks á sérstökum fjölmiðlafundi, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Listann má sjá með því að smella hér



Frábært gengi Íslands á NM ungmenna í bogfimi

Íslendingar unnu samtals **6 gull, 13 silfur og 4 brons á NM ungmenna** í Óðinvé Danmörku um nýliðna helgi. Þetta er gífurlega góður árangur og mjótt var á mununum að titlarnir yrðu fleiri.

Í tölfræði mótsins var það kannski einna merkilegast að í kjarnagreinunum NM ungmenna í einstaklingskeppni voru Íslendingar að keppa í gull úrslitaleiknum í 8 af 20 tilfellum!!! Sagt í öðrum orðum: 20% af bestu keppendum á Norðurlöndum í bogfimi í dag eru Íslendingar, og það er óháð höfðatölu!!! Íslandi er að fara mjög hratt fram í íþróttinni og greinilegt að næsta kynslóð mun koma sterk inn í framtíðinni.

Nánari upplýsingar og myndir með því að smella hér



Ísland sendir leikmenn á EM unglinga í Borðtennis!

Ísland sendir lið á EM unglinga, sem fram fer í Malmö í Svíþjóð 12.-21. júlí nk.

Mattia Conti unglingalandsliðsþjálfari og Pétur Gunnarsson aðstoðarþjálfari verða þjálfarar með hópnum á mótinu. Þá verður Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ á mótinu í nokkra daga og nokkrir foreldrar fara á eigin vegum á mótið til að fylgjast með.

Nafnalista yfir þá sem eru að fara að keppa má sjá með því að smella hér að neðan.

Mynd: af vef BTÍ

Nafnalisti keppenda hjá BTÍ



Evrópumót landsliða 2024 í Golfi klárast á morgun laugardag

Evrópumót kvenna, karla, stúlkna – og pilta hafa verið í gangi frá því á þriðjudag. Ísland er með lið í öllum fjórum mótunum.

Evrópumót kvenna fer fram á Spáni og karlaliðið leikur í Póllandi. Stúlknalandsliðið leikur í Svíþjóð og piltalandsliðið í Austurríki. Öll mótin fara fram á sama tíma eða dagana 9.-13. júlí.

Kvenna -, stúlkna og piltalandsliðin leika í efstu deild en karlalandsliðið leikur í 2. deild. Nánari upplýsingar um mótið og gang þess ásamt mjög góðum upplýsingum um liðin er að finna á vef GSÍ

Evrópumótið á vef GSÍ



Bikarmót ungdúró í hjólreiðum á Akureyri í dag

Hjólreiðafélag Akureyrar í samstarfi við Motul býður upp á annað bikarmót sumarsins í Ungdúró í dag föstudaginn 12. júlí 2023.

Keppt er samkvæmt stigakerfi ÍSÍ og HRÍ til bikarmeistara. **Minnum á reglur HRÍ um að** nauðsynlegt er að vera meðlimur í aðildarfélagi HRÍ til að taka þátt í bikarmóti.

Keppendur undir 18 ára eru alfarið á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Gögn verða ekki afhent keppanda yngri en 18 ára nema ábyrgðaraðili sé til staðar.

Mynd: Björgvin Hilmarsson / vefur HRÍ

Vefur HRÍ



Íslandsmótið í Ólympískri þríþraut 2024

Íslandsmótið í Ólympískri þríþraut fór fram í blíðskaparveðri um helgina.

Í keppninni voru syntir um 1500 metrar í Laugarvatni, hjólaðir 40 kílómetrar og hlaupið var svo 10 km. En þetta er eina keppni ársins þar sem ekki er synt í sundlaug. En hitastig vatnsins mældist um 13°C.

Íslandsmeistari og sigurvegari í kvennaflokki var Kristín Laufey Steinadóttir Ægi á tímanum 2 tímar 26 mínútur og 33 sekúndur, en þetta er jafnframt fyrsti Íslandsmeistaratitill Krístínar.

Í karlaflokki varð Sigurður Örn Ragnarsson Breiðabliki Íslandsmeistari, en þetta var sjöunda árið í röð sem að Sigurður verður Íslandsmeistari í greininni. Sigurður fór brautina á 1 klukkustund 51 mínútu og 9 sekúndum.

Nánar má lesa um mótið og fá úrslit á vef ÞRÍ

Mynd: vefur ÞRÍ



Unglingalandsmót UMFÍ verður í Borgarnesi

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar og sveitarfélagið Borgarbyggð. Mótið er fjölskylduhátíð þar sem 11 - 18 ára ungmenni reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Keppt verður í 18 íþróttagreinum á daginn. Á kvöldin getur fjölskyldan skellt sér á tónleika og gert margt skemmtilegt saman.

Mynd: UMFÍ


UMFÍ
UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ
BORGARNESI
1.-4. ÁGÚST



Nú er dauðafæri á að komast á Ólympíuleika!

Eftir örfáa daga hefjast Ólympíuleikarnir í París. Fyrir íþróttaáhugafólk skapar nálægðin og góðar samgöngur við Frakkland og París einstakt tækifæri á að upplifa þessa stærstu íþróttaveislu heims.
Margir viðburðir eru löngu uppseldir, en samt er talsvert af áhugaverðum viðburðum í gangi sem enn er hægt að fá miða á.

Hér fyrir neðan er hlekkur á opinberan miðasöluvef Ólympíuleikanna fyrir áhugasama.

Ólympíuleikar í París 2024
miðasala



Íslendingar á HM unglinga í keilu

Nú hafa U21 strákarnir hafið leik á World Youth 2024 sem fram fer í Suður Kóreu. Nú er forkeppni í einmenning lokið og ljóst að þeir Ísak Birkir Sævarsson (9) og

Hinrik Óli Gunnarsson (15) hafa tryggt sér sæti í úrslitum. Alls eru 140 keppendur og því stórkostlegur árangur að eiga 2 í topp 16. Úrslitin voru svo leikin í gærkvöldi, eftir að Íþróttapóstinum var lokað

Hlekkur á HM unglinga í Keilu



Forysta ehf

Bildshofda 14,
110 Reykjavík,
Iceland

Þú færð þennan póst vegna þess að þú hefur skráð þig á póstlistann okkar, þú hefur verið á eldri netfangalista eða mögulega ert þú flokkaður sem forráðamaður í Íþróttahreyfingunni.
Þú smellir á hlekkinn hér að neðan ef þú villt afskrá þig.

Afskrá mig

SENT BY mailer lite